

Skólanámskrá Grunnskólans á  
Þingeyri  
2018-2019



*Gleði – Ábyrgð - Virðing - Samheldni*



## Inngangur

Skólanámskrá Grunnskólans á Þingeyri er unnin af stjórnanda ásamt öðru starfsfólki skólans. Skólanámskrá Grunnskólans á Þingeyri er aðlöguð útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem sérstaða skólans er aðlöguð að opinberum fyrirmælum. Gert er grein fyrir sérstöðunni og hvernig þær eru nýttar til þess að efla nám og kennslu nemenda. Skólanámskráin er sett upp í þremur aðskildum hlutum:

- Almennur hluti  
Gert er grein fyrir gildum og viðmiðum sem starfs skólans byggist út frá aðalnámskrá
- Starfsáætlun skólans  
Gert er grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum dagsetningum og upplýsinga er varðar breytingar á milli skólaára
- Bekkjarnámskrá  
Gert er grein fyrir skipulagi á námi, námsmarkmiðum kennslugreina, námsmati ásamt kennslutilhögun

Í Grunnskólanum á Þingeyri menntum við börn til að vera fullgildir þegnar í lýðræðissamfélagi. Áhersla er lögð á að styrkja þá sex grunnþætti menntunar sem settir eru fram í aðalnámskrá grunnskóla sem eru, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Leitast er við að skapa námssamfélag sem hvetur til náms og vekur nemendur til umhugsunar um gildi þess að vera manneskja. Grunnþættirnir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms nemenda. Með þeim er lögð áhersla á starfshætti og skólabrag sem um leið styrkir nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í síbreytilegu jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kennarar vinna markvisst með grunnþættina með nemendum til að efla skilning þeirra á þeim.



## Grunnskólinn á Þingeyri og staða hans í samfélaginu

Grunnskólinn á Þingeyri er heilstæður grunnskóli og sérstaða hans er fámennur skóli þar sem áhersla er lögð á lestur og einstaklingsmiðað nám í námshópum.

Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Þeirra tímamóta var sérstaklega minnst árið 2007 þegar skólinn fagnaði á 110 ára afmæli. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanni Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólalald í húsinu, en það voru foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólalaldinu. Það var svo árið 1908 sem byggt var skólahús sem er elsti hluti af núverandi skólahúsi. Síðan hefur verið byggt við það í tvígang, fyrst Þinghúsið og síðan steinsteypt bygging árið 1979 – 1980 sem er meginbygging skólans í dag.

Nemendur skólans koma frá Þingeyri og sveitinni þar í kring. Þingeyri tilheyrir Ísafjarðabæ.

## Merki Grunnskólans á Þingeyri

Í tilefni 110 ára afmælisdags skólans þann 30.nóvember 2007 var merki og nafn skólans sett á gafi skólans. Merki skólans er unnið eftir sigurtillögu Jónu Bjarkar Brynjarsdóttur, nemanda skólans í samkeppni um merki skólans árið 1993.

## Áherslur í skólastarfinu

Grunnskólinn á Þingeyri starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr.91/2008 og einnig samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Þá starfar Grunnskólinn á Þingeyri eftir skólastefnu Ísafjarðarbæjar.

## Skólastefna Grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Unnið var að skólastefnu Ísafjarðarbæjar og hún endurskoðuð haustið 2018.

Hornsteinar skólastarfsins eru : **Gleði- virðing- ábyrgð- samheldni**

Hornsteinarnir vísa til þess :

- ✓ Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- ✓ Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- ✓ Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningu sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir
- ✓ Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hóp og skipta máli.

Grunnskólinn á Þingeyri starfar skv. grunnskólalögum, aðalnámskrá, reglugerðum um starfsemi grunnskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar.



Í skólanum okkar er lögð áhersla á að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur með einstaklingsmiðað nám í huga. Allir sem koma að skólasamfélaginu þurfa að vera sammála um mikilvægi náms og samvinnu til að árangur mælist og að hver og einn öðlist metnað fyrir verkefnum sínum. Nemendur setja sér markmið og læra að bera ábyrgð á námi sínu og í leiðinni verða meðvitaðir um þekkingu sína og leiðir til að ná markmiðum sínum. Mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því að við erum öll ólík og „*Enginn alveg eins og ég*“ (Heiti á útilistaverki við skólann sem nemendur unnu sl. vorið 2018).

## Grunnþættir menntunar

### Læsi

~Læsi er lífið sjálft~

Læsi er lífið sjálft og snýst um manneskjuna og menningarheim hennar og snýst ekki bara um táknið heldur líka tilveru fólks. Það snýst um samband orðanna við lífið sjálft og það sem við köllum raunveruleikann og flest það sem við tökum okkur fyrir hendur. Lestrarnám snýst um tvennt; „að læra til að lesa“ og „að lesa til að læra“.

Hvers kyns læsi er margmiðlunarlæsi sem snýst um samverkan margra táknerfa. Kunnátta og færni sem varðar læsi í víðum skilningi eins og myndlæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi, tölvulæsi, fréttalæsi, auglýsingalæsi, menningarlæsi eða stafrænt læsi felst í færni fólks við að nota mörg táknerfi og miðla til að skapa merkingu og koma henni á framfæri. Læsi er sem sagt ekki bundið við málvísi í hefðbundnum skilningi heldur við táknavísi í víðum skilningi. Í læsi felst að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur kerfi tákna.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Stuðlað verður að aukinni ritun og almennum lestri bæði til fræðslu og yndisauka með því að:

- Nemandinn öðlist færni til að geta nýtt sér alla miðla sem í boði eru til þekkingar, ánægju og aukins þroska.
- Nemandinn fái tækifæri til að efla færni sína í framsögu og tjáningu.
- Nemandinn glími við allskonar efni og form og átti sig á því hlutverki sem hann gegnir sjálfur við að skapa merkingu þess.
- Nemandinn geti náð eins langt á því sviði sem hugur hans stendur til og hæfileikar hans frekast leyfa.
- Nemandinn læri og geti yfirfært aðferðir við lestur og ritun svo þær verði honum tamar og hann valið sér þá leið, það málsnið og stíl sem hentar hverju sinni.
- Nemandinn fái að ígrunda eigin texta, segja frá efni hans og finna að aðrir hafi áhuga á honum.
- Nemandinn fái að kynnst læsi í víðum skilningi á öllum stigum grunnskólans. Áhersla skal lögð á kennslu á margskonar læsi svo sem tölvu- og nettækni, tölu og fjármálalæsi.



Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að markmiðum læsis í námi og kennslu með því að:

- Styðjast við kennsluaðferðir Byrjendalæsis þannig að nemandinn komist á lestrarstig sem dugar honum öll skólaárin.
- Vinna samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar sem leggur áherslu á eigin líðan og tilfinningar sem og annarra með áherslu á góð samskipti og samvinnu.
- Hjálpa nemandanum til að sjá eigin styrkleika verklægni, hugsunarhátt og siðferði og auka löngun til að vinna á skapandi hátt sífellt betur og betur.
- Virða mismunandi menningargrunn.
- Vinna með margvíslegan og fjölbreyttan texta í mismunandi formi og miðlum.
- Hvetja nemandann að segja frá eigin myndum og lesa úr myndum annarra.
- Efla söng og hlustun á fjölbreytta tónlist.
- Fylgjast með fréttum og auglýsingum á opinn og gagnrýnan hátt.
- Nemandinn nýti sér ýmiskonar margmiðlun til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi.

## Sjálfbærni

~Framtíðin er í okkar höndum~

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Einnig er sjálfbærni skilgreind sem jafnvægisástand og að sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni.

Sjálfbærnimenntun felst í að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn. Einnig felst hún í því að börn og ungmenni takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni í námi sínu.

Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börn og ungmenni taki þátt í samfélaginu.

Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að sjálfbærni með því að:

- Flokka allt sorp sem til fellur.
- Hafa sjálfbærni til hliðsjónar í allri kennslu.
- Gróðursetja tré á vorin með styrk frá Yrkjusjóði.
- Tína rusl í bænum á vorin.
- Halda umbúðanotkun í lágmarki.



- Leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

## Heilbrigði og velferð

~Heilbrigði er grunnur að velferð til lífstíðar~

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks enda verja þessir einstaklingar stórum hluta dagsins í skóla.

Með jákvæðum skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á helstu þætti heilbrigðis sem eru: Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á tilfinningalífi manneskjunnar. Þá er nauðsynlegt að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu til að góður árangur náist. Í skólanum er lögð áhersla á að efla færni nemenda í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðssetningu og streitustjórnun til að efla skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan þeirra. Áhersla á daglega hreyfingu, markvisst hreyfiuppeldi, heilsusamlegt og fjölbreytt fæðuval ásamt fræðslu, leggur grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar.

Í skólanum fá allir tækifæri til að njóta styrkleika sína og er áhugasviði nemenda gefið rými í skólastarfi sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að heilbrigði og velferð með:

- Góðu og heilsusamlegu mötuneyti.
- Hvatningu til nemanda að koma með hollt og gott nesti.
- Að bjóða upp á mjólkuráskrift og hafa gott aðgengi að vatnsbrunnum.
- Útikennslu.
- Íþróttá- og sundkennslu.
- Fræðslu, ráðgjöf og eftirlit skólahjúkrunarfræðings.
- Góðum samskiptum og samstarfi milli skólastiga.
- Góðu samstarfi milli skóla og íþróttafélags í bænum.
- Að bjóða uppá íþróttaiðkun í námsvali.
- Skipulögðum gönguferðum.

## Lýðræði og mannréttindi

~Allir tilheyra félaghópnum~

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Lýðræði í skólastarfi miðar að því að gera nemendur færa um að taka afstöðu til siðferðislegra álitamála og virka í mótun samfélagsins,



með því að tileinka sér þau viðhorf, gildismat og siðferði sem lýðræði byggist á. Virðing, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á lýðræði í skólastarfi með áherslu á samstarf og samveru. Grunnskólinn á Þingeyri ætlar að upplýsa nemendur um réttindi, skyldur og gagnvirkni lýðræðis og mannréttinda.

Grunnskólinn á Þingeyri stefnir að því að auka samstarf við grenndarsamfélagið. Nemendur læri um manngildi hvers og eins, verða gagnrýnir og með framtíðarsýn. Þeir öðlist hæfni til að skapa samábyrgt samfélag með sjálfbærni að leiðarljósi með því að læra um lýðræði í lýðræði. Eflid verði grundvallarþekking á réttindum og skyldum barna og fullorðinna.

Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að lýðræði og mannréttindum með:

- Umræðum um réttindi og skyldur barna.
- Vali og áhugsviðsverkefnum.
- Tækifærum til að kjósa um hluti.
- Því að læra um samskipti í hóp , hlusta á aðra og geta sagt sína skoðun á kurteisan hátt.
- Bekkjafundum þar sem lögð er áhersla á virka hlustun, virðingu og skilning.
- Móttökuáætlun sem auðveldar erlendum nemendum og fjölskyldum þeirra að koma í nýjar. aðstæður og menningarheim (túlkabjónusta, myndrænn stuðningur ofl.).
- Umræðum um samfélagslega ábyrgð og hvað frelsi er.
- Kynningu á Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.
- Samræðum og samvinnu við foreldra við mótun skólans .
- Hugmyndakassa nemenda og virku nemendaráði.
- Nemendapingi.
- Því að læra um félagsstörf og uppbyggingu lýðræðisins í samfélaginu.
- Aðkomu nemenda að veigamiklum ákvörðunum er snerta skólastarfið.

## Jafnrétti

~Sameinuð náum við fram jafnrétti~

Jafnrétti felur í sér að allir standi jafnfætis óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menning, stöðu, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Jafnréttismentun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Grunnskólinn á Þingeyri ætlar að stuðla að jafnrétti í öllu skólastarfi með því að við að haga skólastarfinu þannig að nemendur geti þroskast og ræktað hæfileika sína á eigin forsendum. Grunnskólinn á Þingeyri ætlar að styrkja nemendur í að koma fram og færa rök fyrir skoðunum sínum. Bera virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra og vinna með menningu og mismunandi viðhorf. Vera meðvituð um að við erum ekki eins og við eigum öll okkar veikleika og styrkleika. Nemendur verði færir um að lesa í aðstæður út frá jafnréttissjónarmiði, geti fjallað um jafnrétti á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt. Að nemendur efli jafnréttisvitund og geti yfirfært það á nánasta umhverfið sitt og samfélagið. Áhersla verður lögð á að fjalla um



jafna stöðu kynjanna, hvers kyns misrétti eða mismunun sem birtist nemendum á ólíkan hátt. Starfsfólk skólans gangi á undan með góðu fordæmi er skapi menningu og staðblæjafnréttis.

Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að lýðræði og mannréttindum með:

- Að vera með aldursblöndun og samkenndu.
- Að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar.
- Að ólík menning og misjafn bakgrunnur nemenda fái notið í skólanum á jafnréttisgrunni.
- Kenna um ólíka trúar- og menningarheima.
- Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju hvert fyrir öðru, ásamt því að sýna traust í samskiptum.
- Farið í kynjafræði og kynjasambættingu með áherslu á kynhlutverk og jafna þátttöku kynjanna.

## Sköpun

~Börn eru gullnáma – fáum gullið til að glóa~

Sköpun er einn grunnþáttur menntunnar samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla og á að vera samvinnuð öllu skólastarfi. Sköpun hefur verið skilgreind á fjölbreyttan máta, samkvæmt Aðalnámskrá (2011) felur hún í sér að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga sem og að virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Sköpunin sem er samofin lífi og starfi og snýst um ótal úrlausnarefni og byggir á ímyndunarafli, áhuga, athygli, forvitni og gagnrýni nemandans þar sem vinnuferlið eða leiðin að settu marki hefur meira gildi fremur en niðurstaðan eða afraksturinn.

Markmiðið er að auka veg sköpunar í skólastarfi og stuðla að fjölbreyttu og kraftmiklu skólastarfi með því að:

- efla einstaklinginn og sjálfstæði hans og kjark til að þora að skapa og njóta eigin verka.
- nemandinn fái tækifæri til að takast á við verkefni sem tengjast áhuga hans og getu.
- nemandinn fái að njóta sín sem einstaklingur og sem hluti af heild í sköpun sinni.
- nemandinn fái að nýta sér ímyndunarafl sitt og sköpunargáfu.
- ýta við forvitni nemandans til að leita nýrra lausna með því að beita ímyndunarafli, sýna frumkvæði, vinna með öðrum eða sjálfstætt.
- nemandinn sæki sér fróðleik og gögn á margbreytilegan hátt.
- nemandi fái að nýta sköpunargáfu sína á fjölbreyttan hátt.
- verk nemenda séu rædd af virðingu og sanngirni.
- gefa rými fyrir sjónarmið, menningu og krafta allra til að frjóvga umræðuna og víkka sjóndeildarhringinn.
- að kennarar séu í samvinnu við aðra kennara, foreldra og nær samfélagið





Í Grunnskólanum á Þingeyri er unnið að sköpun með því:

- Að nemandinn fáist við fjölbreytilegan efnivið og val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum.
- Að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir og tilraunir, leik, samanburð, samskipti, flutning og miðlun.
- Að skólaumhverfið sé hvetjandi og ýti undir forvitni nemenda og að þeir geri tilraunir.
- Að hlustað sé eftir hugmyndum nemenda, skoðunum og tilfinningum.
- Að virkja öll skynfæri nemenda og ýta undir samræður og gagnrýna hugsun, rýni og heilabrot með verkmennt, tónlist og upplýsingamennt
- Að nemandinn fái tækifæri til að taka þátt í mati á eigin verkum og framvindu náms.

## Áherslur og þróunarstarf

### Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð yngri börnum og þá aðallega í 1.-2. bekk. Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri hefur þróað og mótað þessa kennsluaðferð. Meginmarkmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi vinnur með og fellur saman í eina heild þætti eins og tal, hlustun, lestur og ritun. Lesefni nemenda er valið til þess að kveikja áhuga þeirra, textinn þarf að vera merkingabær, auka ímyndunaraflið og ýta undir gangrýna hugsun. Einnig er lögð áhersla á aukin orðaforða, ritun og lesskilning. Eitt af stóru viðfangsefnunum í aðferðinni er að nemendur læri að hlusta og taka eftir, tileinka sér ný orð og auka orðaforða sinn ásamt því að muna söguþráð og þjálfast í frásögn. Leiðir og vinnubrögð við kennslu og nám í byrjendalæsi er fjölbreytt og kallar á samvinnu nemenda. Nám nemenda fer að miklu leyti fram í gegnum hina ýmsu leiki. Byrjendalæsi hentar vel áherslum í einstaklingsmiðuðu námi og fá nemendur sama grunn en þörfum hvers og eins er mætt innan námshópanna.

### Einstaklingsmiðuð nám

Í 2. grein laga um grunnskóla er áhersla lögð á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemenda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Einstaklingsmiðuð nám er skipulag á kennslu sem tekur mið af einstaklingum. Kennarinn er að bregðast og koma til móts við þarfir hvers og eins. Þarfir nemanda eru ólíkar eins og nemendur eru margir og í einstaklingsmiðuðu námi metur kennarinn þarfir nemanda og hvort nemandinn fái nám við hæfi. Nemendur læra ekki allir það sama á sama tíma heldur fást þeir við ólík viðfangsefni eða nálgast sama viðfangsefnið á ólíkan hátt. Hver og einn vinnur á eigin hraða, einstaklingslega, í paravinnu eða hópinnu. Talsverð áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, að virkja áhuga þeirra og að þeir séu virkir þátttakendur. Allir nemendur hafa ólíkan bakgrunn, hæfileika, námsnið, áhugamál og þarfir, því er reynt að mæta eins vel og hægt er hverju sinni.



## Opinn skóli

Vegna sérstöðu okkar að vera fámennur skóli ásamt því að vera með námshópa en ekki bekkjakerfi styðjumst við hugmyndaræði um *Opinn skóla* og þær skilgreiningar sem hugtakið felur í sér. Aldursblöndun er óháð getu, nemendum er kennt í fjölbreyttum hópum, einnig er mikil einstaklings vinna. Frelsi til þess að velja sér vinnusvæði með aðstoð kennara, mikil samvinna kennara og nemenda. Nemendur hafa val til þess að velja sér námsgrein til þess að vinna í, hvernig þeir gera það, kennslurými skipt upp í svæði með ólíkum námsgreinum. Nemendur koma að skólastarfinu á einn eða annan hátt.

## Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan er aðferð sem nýtist í samskipta- og agamálum. Áhersla er lögð á kennslu sjálfsgaga, sjálfstjórnar og uppbyggilegra samskipta. Aðferðin miðar af því að finna leiðir að lausnum í ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hlutverk okkar og þarfir sem hafa áhrif á hegðun okkar. Í framhaldinu skapast aðstæður fyrir einstaklinga til að leiðrétta og bæta mistök sín, gera betur, bæta fyrir og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti fremur en reglur. Lögð er áhersla á ábyrgð í stað fyrir blinda hlýðni og virðingu. Hæfileikinn til sjálfstjórnar og að hver og einn getur hugsað áður en hann framkvæmir treystum við á ásamt því að bregðast rétt við ólíkum aðstæðum hverju sinni. Aðferðin er hvetjandi fyrir hvern og einn að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist einnig í bekkjarstjórnun þar sem nemendur fá að vaxa og njóta sín á sinn hátt. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim eftir með fáum en skýrum reglum. Jafnan er spurt að því hvernig manneskjur við viljum vera og hvað við þurfum að gera til þess að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn í lífinu okkar.

## Samkennsla

Samkennsla fer fram í aldursblönduðum námshópum þar sem tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman í einum námshóp án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Nemendur fá nám við sitt hæfi ásamt því að nemendahópurinn eigi samleið sem hópur eða bekkjarheild. Nemendur læra að vinna sjálfsstætt og hjálpast að, nemendur fást við mismunandi námsmarkmið skv. námskrá. Oft skapast góður námsandi, nemendur fá tækifæri til þess að kynnast vel öðrum árgöngum. Nemendur festast síður í ákveðinni stöðu í námshópnum sem er sibreytilegur. Samkennsla byggir á sjálfstæðum vinnulotum nemenda og góðu námsskipulagi. Nemendur eiga auðveldara með að nýta sér „frelsið“ með auknum áhuga á viðfangsefninu hverju sinni og geta því unnið frekar að markmiðum sínum.

## Samvinna kennara

Þar sem við búum við þá sérstöðu að vera fámennur skóli er samstarf kennara okkar mikið. Lykill að góðri velgengi er samvinna og því leggjum við okkur fram við að vinna öll verk vel og í góðu samstarfi.

## Fjölmennning

Fjölmennning er í Grunnskólanum á Þingeyri. Nemendur okkar koma víðsvegar að og leggjum við okkur fram við að taka vel á móti öllum nemendum.

Þegar von er á nemenda af erlendu bergi í skólann er byrjað á að afhenda innritunareyðublað sem foreldrar fylla út í skólanum eða heima. Skólinn pantar túlk fyrir



móttökuvíðtal, ef þörf krefur, þar sem foreldrar og nemandi/nemendur mæta. Áætlað að viðtalið taki 1-2 klst. Í viðtalinu er farið yfir skóladagatal, skólareglur, upplýsingar um mötuneyti og o.s.frv. Í viðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: Fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, helstu styrkleika/veikleika nemandans og helstu áhugamál. Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram. Mælst til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki. Foreldrar beðnir að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar og einkunnir frá fyrri skóla í móttökuvíðtalið. Eftirfarandi þættir útskýrðir: Stundaskrá bekkjar/nemanda. Farið yfir hverja kennslustund þannig að ljóst sé um hvaða námsgrein sé að ræða, reglur um íþróttir og sund útskýrðar. Staðsetning, fatnaður, reglur um sturtu og mætingar. Ákveðið hvenær nemandi byrjar í skólanum. Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.

## Móttökuáætlun

Við móttöku nýrra nemenda þarf að vinna eftir þessu ferli:

- Um leið og nýr nemandi hefur verið innritaður er væntanlegur umsjónarkennari látinn vita.
- Skólastjóri fylgir nemanda í fyrsta tímum og kynnir hann fyrir námshópnum og kennara.
- Skólastjóri og umsjónarkennari fá upplýsingar hjá foreldrum/forráðamönnum um nýja nemandann.
- Umsjónarkennari afhendir foreldrum/forráðamönnum og nemanda stundaskrá og aðgang að Mentor.
- Í lok fyrsta skóladags eða við fyrsta tækifæri á umsjónarkennari að ræða við nýja nemandann og svara spurningum hans ef einhverjar eru.
- Umsjónarkennari hefur samband heim til nemenda eftir fyrstu vikuna, ef foreldrar/forráðmenn hafa ekki haft samband
- Rúmum mánuði eftir skólagöngu nýja nemandans skal umsjónarkennari ræða einslega við nemandann um hvernig gengur og hvort það sé eitthvað sem hægt sé að bæta.

## Námsmat

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla á megin tilgangur námsmats að veita nemendum tækifæri til að geta aflað sér leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemendum tekst að ná markmiðum námsins. Með námsmati öflum við upplýsinga fyrir nemendur, forráðamenn, kennara, viðtökuskóla og skólayfirvöld um námsgengi sem hafa má að leiðarljósi þegar nemendur skipuleggja nám sitt til framtíðar. Nemendur og forráðamenn eru hvattir til þess að kynna matsviðmið þannig að ljóst sé hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær. Sérstaklega þar sem allir eru að venjast því að gefnar eru einkunnir í bókstöfum. Skólaárinu er skipt í tvær annir þar sem annarskipti eru um mánaðarmótin janúar/febrúar en það er hægt að sjá það nánar á skóladagatali. Nemendur fá vitnisburð í lok hvorrar annar. Vitnisburðurinn er byggður á símati, leiðsagnarmati og prófum. Próf eru öllu jafna í tímum en ekki á sérstökum prófdögum. Einkunnir eru gefnar í hæfnitáknum; Framúrskarnandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.



Einnig eru einkunnir gefnar í hæfni bókstöfum; A, B+, B, C+, C og D. Allir bekkir eru metnir samkvæmt hæfnimati, Yngsta stig fær hæfnitákn í mentor við mat. Mið,-og elsta stig fá bókstafi. Að vori er lokamat gefið í bókstöfum í öllum árgöngum. 10. bekkur fær einnig matseinkunn samkvæmt matsviðmiðum fyrir 10. bekk að vori. Matseinkunn er gefin í bókstöfum líkt og hæfnimatið. Einkunnir byggja á því hvort hæfniviðmiðum sé náð, könnunum og símati, sem á sér stað í hverjum tíma. Þættir eins og vinnubrögð, verkefnaskil, ástundun og frumkvæði liggja til grundvallar námsmati.

Hér að neðan má sjá þá námsmatskvarða sem notaðir eru yfir allt skólaárið þegar er verið að meta hæfni.

-  Hæfni náð

---

-  Framúrskarandi

---

-  Hæfni náð

---

-  Á góðri leið







---

-  Þarfnast þjálfunar

---

-  Hæfni ekki náð

Út frá hæfnikorti hvers nemenda er einkunnir gefnar í bókstöfum.

A - Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiðum	 A
B+ - Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiðum og sýnir burði sem flokka má til næsta stigs	 B+
B - Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiðum	 B
C+ - Nemandi er á góðri leið með að ná hæfniviðmiðum	 C+
C - Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiðum	 C
D - Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiðum og úrræða er	 D

### Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru haldin í september í 4. og 7. bekk og í mars í 9. bekk. Nemendur í 9. bekk taka einnig próf í ensku. Nemendum er skylt að taka könnunarprófin í 4. og 7. bekk. Í samræði við umsjónarkennara og foreldra sína, ákveða nemendur hvort þeir taka könnunarprófin í 9. bekk. Nánari upplýsingar um samræmd próf er að finna á vef Námsmatsstofnunar (mms.is).



## Heimavinna

Heimanám og heimaþjálfun barnanna er mjög mikilvægur þáttur í skólagöngunni. Heimaþjálfun gefur foreldrum jafnframt gott tækifæri til að fylgjast með námi og öðru skólastarfi barna sinna, örva þau og hvetja. Foreldrar eru hvattir til að skapa ásamt börnum sínum jákvæðar venjur varðandi heimanám. Reynslan sýnir að viðhorf, áhugi og hvatning þeirra geta skipt sköpun varðandi námsárangur. Heimaþjálfun á ekki að vera þungbær kvöð heldur ánægjuleg og örvandi samverustund. Foreldrar þurfa ásamt umsjónarkennara að meta hvort heimaþjálfun sé hæfilega mikil. Lögð er áhersla á lestur daglega í 1. – 10. bekk (ekki minna en 5x í viku) og foreldrar beðnir um að kvitta fyrir í dagbók. Nemendur á elsta stigi geta kvittað að skráð heimalestur sjálf en foreldrar hvattir til að fylgjast með.

**Heimanámsstefna skólans:** Heimavinna ekki regluleg, en kennari setur fyrir heimavinnu ef þurfa þykir. Gerðar eru kröfur um 15 mín. lestur á dag á öllum stigum. Vendingám felur í sér að nemendur verði að kynna sér efni á t.d. myndböndum á netinu fyrir tíma og þá ber þeim að gera það svo kennslustundirnar nýtist sem best.

## Mat á gæðum skólastarfsins

Í lögum um grunnskóla 91/2008 eru ákvæði um sjálfsmat skóla. Sjálfsmat á skólastarfinu auðveldar og hjálpar starfsfólki skólans að vinna að þeim markmiðum sem hann setur sér, fylgjast með hvort markmiðum hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grunni til úrbóta ef þarf. Mikilvægt er að matið nái til allra þátta skólastarfsins, er árangursmiðað og niðurstöður nýttar sem grundvöllur að frekari þróun skólastarfsins. Matið þarf að vera starfsstarfsmiðað, unnið af öllu starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegrar upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Litið er á skólann sem heild og þeir sem að honum koma sem einstaklingar.

Skólinn tekur þátt í könnunum sem Skólapúlsinn leggur fyrir í fjölbreyttu formi, nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

Grunnskólinn á Þingeyri vinnur á hverju skólaári að áfangaskýrslum um sjálfsmat. Þar er greint frá innra mati skólans og þeim aðgerðum og áætlunum um framhald þeirra vinnu. Áætlunin tekur mið af þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Grunnskólans á Þingeyri. Matið er unnið af starfsfólki og stjórnanda skólans á grunni upplýsingar sem þegar hafa orðið til. Allar niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans, stefnu Ísafjarðarbæjar í fræðslumálum þar sem metnar eru sterkar og veikar hliðar á öllum þeim þáttum skólastarfsins sem teknar eru til athugunar hverju sinni.

## Samstarf við aðrar stofnanir

### Leikskólar

Grunnskólinn á Þingeyri og Heilsuleikskólinn Laufáss vinna samstarfsverkefni sem ber heitið *Brúum bilið*. Tilgangur með verkefninu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur barna yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á. Annað samstarf milli



skólastiganna er fjölbreytt og unnið út frá áhuga og þörfum hverju sinni. Brúum bilið er birt á heimasíðu skólans.

### **Tónlistaskóli Ísafjarðar**

Tónlistaskóli Ísafjarðar er með útibú á Þingeyri. Kennari við skólann kemur og sinnir kennslu í skólanum tvisvar sinnum í viku. Skólaárið 2018-2019 er kennt á mánudögum og miðvikudögum. Þeir nemendur sem stunda nám í tónlist stunda námið á skólatíma í velti töflu þannig að þeir missi ekki alltaf af sömu kennslustundunum.

### **Framhaldskólar**

Menntaskólinn á Ísafirði býður 10. bekk að koma í kynningu á skólanum á hverju vori. Nemendur fara þá með umsjónarkennara eða náms, og starfsráðgjafa sem gjarnan er í góðu sambandi við námsráðgjafa menntaskólans.

## **Stjórnskipulag Grunnskólans á Þingeyri**

### **Fræðsluráð**

Fræðsluráð Ísafjarðarbæjar fer með málefni Grunnskólans á Þingeyri samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, sveitarstjórnarlögum og samþykktum bæjarstjórnar hverju sinni. Fræðsluráð starfar samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008. Formaður fræðsluráðs skólaárið 2018-2019 er Hafdís Gunnarsdóttir.

### **Skóla og tómstundarsvið Ísafjarðarbæjar**

Skóla og tómstundarsvið Ísafjarðarbæjar fer með yfirumsjón með fræðslumálum bæjarins. Sviðið gefur skólanum kost á því að fá sem víðtækasta sérþekkingu sem veitir kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf ásamt víðtækri aðstoð í umbóta- og þróunarstarfi grunnskólans. Sviðið hefur yfirumsjón með áætlunargerðum, rekstri skólans ásamt almennri þjónustu er kemur að rekstri Grunnskólann á Þingeyri. Sviðstjóri er Margrét Halldórsdóttir.

### **Skólastjóri**

Samkvæmt lögum er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu. Skólastjóri sinnir daglegum rekstri, starfsmannahaldi, samskiptum við foreldra/forráðamanna og nemendur og aðra aðila sem þurfa að eiga í samskiptum við skólann. Skólastjóri stuðlar að samstarfi við alla aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri skólaárið 2018-2019 er Erna Höskuldsdóttir.

### **Skólaráð**

Skólaráð tekur þátt í að marka stefnu skólans, þar er starfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um starfssemi skólans. Skólaráð fer til yfirferðar og umsagnar áætlanir skólans, árlega starfsáætlun, skólanámskrá og fl.. Einnig er það hlutverk ráðsins að huga að velferð nemenda, aðbúnaði og öryggi skólasamfélagsins. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra og að auki einum fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber á byrgð á stofnun þess.



## Starfsfólk

Við skólann starfa 8 starfsmenn, 5 kennarar, 1 stjórnandi (5,53 stöðugildi) og 2 skólaliðar sem sinna einnig stuðning í bekk, húsvörslu og ræstingu.

Kennarar og starfsfólk	Starfs	Netfang
Kristín Björk Jóhannsdóttir	Umsjónakennari	<a href="mailto:kristinjo@isafjordur.is">kristinjo@isafjordur.is</a>
Borgný Gunnarsdóttir	Almennur kennari	<a href="mailto:borgnygu@isafjordur.is">borgnygu@isafjordur.is</a>
Erna Höskuldsdóttir	Skólastjóri	<a href="mailto:ernaho@isafjordur.is">ernaho@isafjordur.is</a>
Guðrún Rakef Brynjólfsson	Umsjónarkennari	<a href="mailto:guðrunbr@isafjordur.is">guðrunbr@isafjordur.is</a>
Guðrún Snæbjörg Sigurþórsdóttir	Blönduð störf/stuðningur	<a href="mailto:guðrunsi@isafjordur.is">guðrunsi@isafjordur.is</a>
Ingimar Aron Baldursson	Stundakennari, íþróttir	<a href="mailto:ingimarba@isafjordur.is">ingimarba@isafjordur.is</a>
Jón Sigurðsson	Blönduð störf/húsvörður	<a href="mailto:jonsiss@simnet.is.is">jonsiss@simnet.is.is</a>
Jónína Hrönn Símonardóttir	Sérkennari og námsráðgjafi	<a href="mailto:joninasi@isafjordur.is">joninasi@isafjordur.is</a>
Sonja Elín Thompson	Almennur kennari	<a href="mailto:sonjath@isafjordur.is">sonjath@isafjordur.is</a>

## Ráðning

Þegar nýr starfsmaður tekur til starfa við skólann þarf að liggja fyrir sakavottorð. Einnig þurfa starfsmenn að skrifa undir trúnaðareyðublað sem varðveitist hjá launafulltrúa. Að öðru leyti fer ráðning starfsmanns eftir reglum Ísafjarðabæjar og eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og öðrum fyrirmælum í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins eftir því sem við á.

## Kennarar

Kennarar sem eru ráðnir til starfa við Grunnskólann á Þingeyri gegna starfi sínu samkvæmt þeim lögum, reglum, erindisbréfi og kjarasamningi sem er í gildi hverju sinni. Kennarinn þarf jafnframt að kynna sér vel þau viðfangsefni sem að starfinu lýtur. Kennarinn þarf að hafa í huga að markmið kennslunnar er ekki eingöngu að fræða nemendur heldur einnig að veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér leikni og þekkingar, mikilvægt er að örva starfsgleði nemenda og fá styðja þá til góðra verka. Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur til sjálfsstæðrar hugsunar, heilbrigðra lífsviðhorfa og gilda. Kennarinn skal einnig leitast við að efla og styrkja jákvæða og raunsæja hugmynd nemenda um sjálfan sig og aðra. Kennari



skal ávalt vera nemendum fyrirmynd um reglusemi, háttvísi og stundvísi. Þagnarskylda er algjör um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra er hann fær í starfi sínu. Þagnarskylda kennarar nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

### **Starfsmenn grunnskólans**

Starfsmenn Grunnskólans á Þingeyri opna skólann og taka á móti nemendum hvern skóladag, þeir annast gæslu á skólalóð og opnum svæðum innan skólans. Þeir aðstoða nemendur í matsal, aðstoða og leiðbeina nemendum að ganga vel um skólann og eigur hans, halda utan um óskilamuni og sjá um tilfallandi þrif og eftirlit með skólahúsnæði. Starfsmenn vinna einnig náið með kennurum að því að auka námslega og félagslega færni nemenda. Auk þess vinna þeir önnur verk sem skólastjóri felur þeim. Þagnarskylda kennarar nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

### **Starfstími grunnskóla**

#### **Nemendur**

Miðað við er að nemendur séu að jafnaði 180 skóladaga á hverju skólaári. Af þeim skulu kennsludagar ekki vera færri en 170. Starfsdagar nemenda einkennast af kennslu og öðru skólastarfi samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá og stundaskrá skólans hverju sinni. Vikulegur kennslutími hvers nemanda skal að lágmarki vera: 1.-4.bekkur 1.200 mínútur (30 kennslustundir á viku), 5. – 7.bekkur 1.400 mínútur (35 kennslustundir á viku), 8.- 10.bekkur 1.480 mínútur (37 kennslustundir á viku) að meðaltali.

#### **Kennarar**

Innan 180 skóladaga hvert ár skulu vera 5 bundnir starfsdagar kennara. Þessir dagar eru ákveðnir sameiginlega af skólastjóra og kennurum. Kennarar eru einnig með bundna starfsdaga í júní og ágúst samtals 8 daga sem deila má á ýmsan hátt. Starfsdagar koma fram á skóladagatali.

### **Viðburðir í skólastarfinu**

Grunnskólinn á Þingeyri er með marga fasta viðburði sem eru hluti af skólamenningu okkar.

#### **Skólasetning**

Í upphafi á hverju skólaári er haldin skólasetning. Allir nemendur mæta á sal skólans með foreldrum sínum. Skólastjórinn heldur smá tölu og setur svo skólaárið. Nemendur fylgja síðan umsjónarkennara sínum ásamt foreldrum í þeirra heimastofu. Umsjónarkennarinn lætur nemendur og foreldra hafa ýmsar upplýsingar um það sem framundan er í skólastarfinu. Hver nemandi mætir í foreldraviðtal sama dag og skólasetning m.a. til að setja sem námsmarkmið fyrir veturinn og fara yfir atriði sem eru mikilvæg við upphaf hvers skólaárs. Í næsta viðtali er farið yfir það hvernig til tókst að ná markmiðum.





## Skólaslit

Skólaslit fara fram í Þingeyrarkirkju og er hátíðleg stund. Umsjónarkennara hvers námshóps afhenda nemendum sínum vitnisburð. Nemendur sem eru að útskrifast úr skólanum frá afhend blóm og góð orð frá skólastjóra og umsjónarkennara. Afhent eru verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á ákveðnum sviðum sem kennarar og starfsfólk skólans metur og velur eftir hvert skólaár.

## Gönguvika

Gönguvikan er haldin ár hvert að jafnaði fyrstu vikuna í september. Hver námshópur gengur þá ákveðna leið sem hópurinn hefur ekki farið áður. Þemað er skipulagt með það í huga að annað hvert ár er gengið á fjöll og hitt árið eru gengið dali. Þyngdarstig hverjar göngu er miðað við hvern námshóp. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt.

## Skólahlaupið (Ólympíuhlaupið)

Skólahlaupið er haldið á hverju hausti. Allir nemendur skólans taka þátt og hlaupa mis langa vegalengd. Yngstastig hleypur 2,5 km, miðstig hleypur 5 km og elstastig fær að ráða milli 5 og 10 km. Eftir hlaupið fara allir í sund. Allt starfsfólk skólans kemur að framkvæmd og sumir reima á sig hlaupaskóna og taka þátt.

## Skólahreysti

Boðið hefur verið upp á val hjá elsta stigi í skólahreysti, þar er lagt áhersla á hreysti og úthald og allur undirbúningur miðast við skólahreysti keppnina. Allan jafna er góð þátttaka í þessu vali. Leiðarljós keppinnar er að hvetja börn og unglinga um allt land til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun. Skólahreysti snýst ekki bara um að sigra eða vera bestur heldur að þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti kennara, nemenda og foreldra.

Skólaárið 2018-2019 verður skólahreysti inn í vali á elsta stigi. Kennt verður í 8 vikna lotu og stefnt að því að fara með lið og keppa 21. mars 2019.

## Þorrablótíð

Þorrablót er haldið á Bóndadegi á hverju ári. Nemendur og kennara hittast þá aftur eftir skóladag í matsal skólans. Hver og einn er með sitt trog og drykk. Nemendaráð skreytir salinn og heldur utan um skemmtidagskrá. Í lokinn er diskótek sem nemendafélagið sér um.

## Árshátíð

Árshátíðin er haldin í mars- apríl á hverju skólaári. Annað hvort ár setja námshópar upp sameiginlegt leikrit, hitt árið er hver námshópur með sitt atriði sem umsjónarkennari sér um og leikstýrir, gjarnan er unnið út frá fyrirfram ákveðnu þema. Skólaárið 2018-2019 verður sett upp eitt sameiginlegt leikrit. Tvær sýningar eru á sýningardegi, fyrri sýning að morgni þar sem leikskólabörn koma fram og seinni sýning að kvöldi. Skólabíllinn sækir nemendur úr sveitinni en foreldrar ná í börn sín þegar skemmtun lýkur.

## Græn dagur – umhverfisdagur

Á hverju vori fara allir nemendur skólans út og vinna saman að því að gera umhverfið hreint og fínt fyrir utan skólann. Í framhaldinu fara nemendur síðan og gróðursetja tré í Yrkjureit skólans sem staðsettur er fyrir innan þorpið við rætur Sandafells. Gróðursett hefur verið í



reitinn frá því um 1985 ár hvert. Í lokin sameinast svo allir í grilli áður en haldið er heim eftir skóladaginn. Nemendur hafa farið heim eftir dagskrá dagsins.

### Vorhátíð

Er haldinn í maí ár hvert. Allir nemendur sameinast í gleði og skemmta sér saman á fjölbreyttan hátt. Dagskrá vorhátíðar er misjöfn og má telja upp ratleik, rútu ferð í Arnafjörð, heimsókn frá öðrum skólum og fleira. Í lok dags hefur foreldrafélagið boðið nemendum og starfsfólki í grill. 5 ára börnum úr Heilsuleikskólanum Laufási hafa tekið þátt í dagskrá þessa dags í tengslum við *Brúum bilið*.

### Sólarkaffi

Sólarkaffi er haldið einu sinni á hverju skólaári í kringum daganna þegar sólin lætur sjá sig eftir veturinn. Nemendur í 7. og 8.bekk ásamt foreldrum koma að umgjörð og halda kaffisöluna sem haldinn er í Félagsheimilinu og allir velkomnir. Afraksturinn er notaður í ferðasjóð fyrir útskriftarferðina hjá 10.bekk.

### Reykir

Skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði eru fyrir nemendur í 7. bekk grunnskóla. Farið hefur verið undanfarin ár frá Grunnskólanum á Þingeyri í samstarfi við aðra grunnskóla Ísafjarðbæjar. Vegna fámennis hefur verið farið annað hvert ár með nemendum úr 6. og 7. bekk. Sameiginleg rúta fer frá Ísafirði með nemendum. Farið er í skólabúðirnar á mánudegi og komið heim á föstudegi.

Starfið í skólabúðunum á í öllum aðalatriðum að beinast að sömu markmiðum og starfið í almennum grunnskólum. Í skólabúðunum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi uppeldis- og félagsleg markmið og að því stefnt:

- að auka samstöðu og efla samvinnu milli kennara og nemenda
- að auka félagslega aðlögun nemenda
- að þroska sjálfstæði nemenda
- að nemendur fáist við áður óþekkt viðfangsefni
- að nemendur kynnist nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta
- að örva löngun nemenda til að athuga og rannsaka umhverfið og komast að niðurstöðu
- að auka athyglisgáfu nemenda

### Útskriftarferð

10. bekkur Grunnskólans á Þingeyri hefur farið undanfarin ár erlendis í útskriftarferð. Ferðin er farin á eigin vegum en umsjónarkennari hópsins hefur verið með í för ásamt tveimur



foreldrum. Ferðin er fjáröfluð að nemendum með aðstoð foreldra og umsjónarkennara. Dvalartími hefur verið fjórar nætur og hefur Danmörk verið sótt heim undanfarin 18 ár.

## Viðburðir í desember tengdir jólahátíð

### Söngur á sal

Allir nemendur skólans hittast í matsalnum fyrsta tímann eftir frímínútur og syngja saman jólasöngva á hverjum mánudegi eftir að aðventan byrjar. Kveikt er á aðventukransi og undirspil hefur verið í höndum starfsmanna skólans.

### Skreytingadagur

Skreytingardagur er með fjölbreyttu sniði en markmiðið er að skreyta skólann með því jólasakrauti sem til er ásamt því að vinna að nýju skrauti. Elsta stig hefur það hlutverk að skreyta gluggana ásamt jóaltrénu sem er í matsalnum. Skólinn leggur til það efni sem til þarf. Gluggamyndirnar vekja upp góðar minningar og hlýju í hjörtum heimamanna.

### Jólafondur foreldrafélagsins

Foreldrafélagið býður nemendum og foreldrum þeirra í skólann fyrir utan skólatíma til þess að fönndra og eiga góða stund saman. Í boði hefur verið ýmis konar fönndur og útskurð og steikingu á laufabrauði sem hægt er að kaupa á kostnaðarverði. 10.bekkur hefur einnig verið með kaffisölu sem fjáröflun.

### Litlu jólin

Nemendur koma spariklæddir og byrja á því að eiga notalega stund með sínum námshópi ásamt umsjónarkennara. Nemendur hafa tekið með sér sparilegt nesti og/eða gotterí. Einnig kemur hver og einn nemandi með litla gjöf (upphæð ákveðin á hverju ári) og nemendur skiptast síðan á með ákveðnu fyrirkomulagi í svo kölluðum pakkaskiptum. Nemendur hittast síðan „á sal“ og syngja og dansa í kringum jólatré. Vinir okkar jólasveinarnir hafa verið duglegir að heimsækja okkur á þessum tíma og færa nemendur örlita gjöf frá skólanum.

## Foreldrasamstarf, samstarf heimils og skóla

### Heimili og skóli

Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Hlutverk grunnskólans felst í því að sjá nemendum fyrir fræðslu, taka þátt í félagslegri mótun þeirra og gilda. Samvinna heimils og skóla er verkefni þar sem mikilvægt er að náin og góð tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæmt traust, gagnkvæm upplýsingamiðlun, samábyrgð, samvinna og jákvæð samskipti séu höfð að leiðarljósi. Á foreldrum/forráðamönnum hvílir sú skylda að börn sæki skólann og að þau séu móttækileg fyrir menntun sem skólinn annast eins og kostur er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, 2011.

### Viðtöl

Viðtöl milli heimils og skóla eru tvisvar sinnum á ári. Í upphafi skólaársins, í lok fyrstu námsannar. Þeir nemendur sem þess þurfa eru kallaðir í þriðja viðtalið eftir þörfum áður en síðasta tímabil skólans hefst. Í viðtölunum eru rædd markmið, námsleg og félagsleg staða nemenda. Áætlaður tími til viðtala eru um 15 mínútur á hvern nemanda. Auk þess eru



foreldrar hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara ef einhverjar spurningar vakna varðandi nám barna þeirra.

### Heimasíða Grunnskólans á Þingeyri

Á heimasíðu Grunnskólans á Þingeyri er að finna ýmsar hagnýttar upplýsingar um skólastarfið og það sem er framundan hverju sinni ásamt fréttum og tilkynningum um starfið [www.grthing.isafjordur.is](http://www.grthing.isafjordur.is). Nemendur, foreldrar og starfsfólk eru hvattir til að fylgjast vel með heimasíðunni og benda á það sem betur mætti fara og fl.

### Mentor

Á mentor.is er að finna upplýsingar um hvern nemanda sem foreldrar/forráðamenn geta fylgst með framvindu náms. Þar er meðal annars að finna einkunnir, stundaskrár og ýmsar tilkynningar frá skólanum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá aðgang með því að sækja um hann á heimasíðu mentors. Mikilvægt er að allir séu skráðir rétt til að fá allar upplýsingar m.a. tölvupóst frá skólanum.

### Samstarf við nærsamfélagið

Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélagið og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Grunnskólinn á Þingeyri vinnur eins vel með nærsamfélaginu og hægt er. Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar hafa tekið vel í óskir skólans og lagt til fræðslu og samstarf sem unnið hefur verið að í sameiningu.

### Foreldrafélag

Allir foreldrar nemenda við Grunnskólann á Þingeyri eru sjálfkrafa í foreldrafélagi skólans. Hlutverk félagsins er að vinna að heill og hamingju nemendanna og styðja þá í hvívetna. Eitt helsta verkefni félagsins er jólaföndur dagur „á sal“ skólans og koma að skipulagi á vordegi. Kosið er í stjórn félagsins á hverju hausti, þar sem foreldrar skiptast á að sitja í stjórn og skipa sér hlutverk. Vel hefur gengið frá foreldra í þessi hlutverk á haustfundi.

### Upplýsingar um nemendur

Í Grunnskólanum á Þingeyri eru 33 nemendur skólaárið 2018-2019. 11 nemendur á yngsta stigi, 12 nemendur á mið stigi og 9 nemendur á elsta stigi.

	1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b	8.b	9.b	10.b
Nemendur	3	5	3	5	4	1	2	3	4	2



## Leyfi/veikindi

Foreldrar tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags með því að hringja í skólann s: 450-8370. Eins ber foreldrum að hringja á hverjum morgni ef nemandi er veikur lengur en einn dag.

Ef nemandi þarf leyfi hluta úr degi eða í einn eða tvo daga skal hafa samband við umsjónarkennara. Ef óskað er eftir leyfi í lengri tíma þarf að sækja um það skriflega. Eyðublöð eru til í skólanum. Það er á ábyrgð foreldra að vinna upp námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Nemendum í grunnskóla er skylt að mæta í allar kennslustundir sem þeim eru ætlaðar samkvæmt skipulagi skólans nema um lögleg forföll eða leyfi sé að ræða.

Verði misbrestur á mætingu nemanda, skal umsjónarkennari leita skýringa og reyna að finna úrræði til úrbóta í samvinnu við nemandann og forráðamann hans. Dugi það ekki skal málinu vísað til nemendaverndarráðs og skólastjóra.

Seint telst það ef nemandi kemur eftir að starf er hafið. Það telst óheimil fjarvist ef nemandi mætir eftir að 10 mínútur eru liðnar af kennslustund, eða mætir alls ekki í tíma án þess að hafa fengið leyfi.

## Nemendaráð

Nemendaráð er kosið árlega af nemendum í 7.-10. bekk og vinnur að félags-, hagsmuna og velferðamálum nemenda. Hanna Gerður Jónsdóttir í 10. bekk er formaður skólaárið 2018-19. Forstöðumaður félagmiðstöðvar og umsjónarkennari eru nemendaráði innan handar í störfum þess.

## Stoðþjónusta

### Náms,-og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans og vinnur í nánú samstarfi við umsjónarkennara og aðra starfsmenn skólans auk skólasálfræðings og fleiri sérfræðinga er koma að málefnum nemenda.

Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við stjórnendur skólans og umsjónarkennara að því að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, sem varða námið, líðan þeirra í skólanum og fleira.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta bókað viðtöl hjá námsráðgjafa í gegnum síma eða netpóst. Nemendur geta einnig bankað upp á eða fengið aðstoð foreldra/forráðamanna eða kennara við að bóka viðtal. Einnig geta stjórnendur skólans og kennarar vísað málum til hans.

### Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Veita ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur.
- Veita ráðgjöf varðandi náms- og starfsval.
- Veita persónulega ráðgjöf og stuðning.
- Bjóða uppá áhugasviðskannanir í 10. bekk.
- Veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um framhaldsnám.



- Vinna að eineltismálum í samvinnu við umsjónarkennara og annað starfslið skólans.
- Standa vörð um velferð nemenda og er trúnaðarmaður og málsvari þeirra.

### Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs Grunnskólans á Þingeyri er að tryggja velferð allra nemenda skólans. Ráðið skal samræma störf þeirra sem fjalla um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Í ráðinu sitja skólastjóri, námsráðgjafi, sérkennari og skólahjúkrunarfræðingur. Ef þurfa þykir er fulltrúi skóla- og tómstundasviðs kallaður til. Auk þess sitja umsjónarkennarar fundi ráðsins eftir atvikum.

### Skóla- og tómstundasvið

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar fer með daglega yfirstjórn þeirra málefna sem heyra undir fræðslunefnd. Þar starfa meðal annars sálfræðingur, námsráðgjafi, kennsluráðgjafi, sérkennslufulltrúi og sviðsstjóri. Ef þörf krefur fær skólinn sértæka aðstoð frá skrifstofunni eða fyrir milligöngu hennar.

### Túlkajónusta

Skólinn hefur keypt túlkajónustu þegar þörf hefur krafist af Barböru Gunnlaugsson á Ísafirði. Það er aðallega í foreldraviðtölum sem slík þjónusta er notuð og við móttöku nýbúa sbr. móttökuáætlun nýbúa.

### Heilbrigðisfræðsla

Skólahjúkrunarfræðingur annast heilbrigðisfræðslu og útbýr skipulag í samvinnu við skólann um fræðslu. Fræðslan og skólaskoðanir fara fram á völdum miðvikudögum í vetur. Skólahjúkrunarfræðingur skólans er Henný Þrastardóttir netfang: [skolahjukrun@isafjordur.is](mailto:skolahjukrun@isafjordur.is) Hægt er að fá upplýsingar um heilbrigði frá fagfólki á <http://www.6h.is/>. Vefurinn er ætlaður bæði foreldrum og börnum.

### Heilbrigðiseftirlit

Skólahjúkrunarfræðingur skoðar alla nemendur og mælir hæð, þyngd og sjón. Hjá nemendum í 7. bekk athugar hann einnig litaskyn. Hjá nemendum í 9. bekk mælir hann einnig heyrn og bólusetur þá gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa. Foreldrar fá upplýsingar í gegnum Mentor/tölvupóst þegar kemur að skólaskoðun. Hjúkrunarfræðingurinn þarf að fá upplýsingar um langvinna sjúkdóma og lyfjanotkun, þar sem slíkt getur haft mikil áhrif á líðan, hegðun og námsgetu. Einnig þarf hjúkrunarfræðingurinn að fá upplýsingar um veigamiklar breytingar sem verða á högum nemanda.

### Slysatrygging

Ísafjarðarbær hefur keypt slysatryggingu fyrir nemendur í skólum á hans vegum og tekur hún til örorku, dauða og slysakostnaðar samkvæmt ákveðnum reglum. Tryggingin gildir á skólatíma „hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða í leik á skólatíma“. Hún tekur ekki til ferða erlendis þó að þær séu farnar í tengslum við skólann. Tæknideild Ísafjarðarbæjar annast samskipti við tryggingarfélagið fyrir hönd skólanna. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð vegna slyss eða óhapps á skólatíma greiðir skólinn fyrir fyrstu heimsókn en ekki fyrir endurkomur.



## Símenntun kennara

Hver skóli setur sér símenntunaráætlun í samræmi við áherslur í skólastarfinu hverju sinni. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Símenntun sem hluti af 150 klst. er almennt ætlaður tími utan við skipulagað starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

## Rýmingaráætlun

Ef brunaboðar fara í gang eða annað hættuástand skapast þá fara nemendur út að glugga á efri hæð sem eru útbúnir sem flóttaleið. Nemendur á neðri hæð reyna ef kostur gefst að fara út um aðal inngang eða neyðarútgang við eldhús. Einnig eru neyðarútgangar út um glugga í Þinghúsi og tölvuveri. Kennarar fara síðan yfir nafnalista úti. Safnsvæði er hjá bílastæði eða sparkvelli, fer eftir vindátt. Ef það þarf að leita skjóls vegna veðurs eru leitað í björgunarsveitarhús fyrir neðan skólann. Lagt er kapp á að nemendur gangi rólega og skipulega á eftir sínum kennara út og taki ekki með sér töskur, yfirhafnir og skó. Skólastjóri ber ábyrgð á því að kalla eftir aðstoð og að allir séu komnir út á réttum tíma. Rýmingu skal æfa reglulega svo allir viti hvernig eigi að bregðast við og þekki útgönguleiðir.

## Áfengis og fíkniefnaforvarnir

Áfengis-og fíknivarnir taka til almennra forvarna s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Grunnskólanum á Þingeyri ber skylda til þess að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum eða öðrum vímuefnum sem og annarri fíkn. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að þeirri fræðslu, svo sem kennarar, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum. Leiðir í forvörnum

- Að fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna og afleiðingar af neyslu þessara efna. Sömuleiðis að fræða um annars konar fíkn t.d. netfíkn.
- Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og heilbrigðum lífsstíl nemenda svo að nemendur verði betur færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir án þess að láta undan félagslegum þrýstingi.
- Leggja aukna áherslu á úrræði fyrir nemendur í áhættuhópum.
- Hafa samvinnu við heimilin um forvarnir.
- Fá gestafyrirlesara í heimsókn í skólann til að ræða við nemendur í tengslum við annað forvarnastarf.

Viðbrögð þegar upp kemur grunur eða vitneskja um fíkn Ferill vímuefnamála

- Öll notkun tóbaks er bönnuð í og við skólann.
- Foreldrum er gert viðvart ef nemandi verður uppvís að reykingum eða tóbaksnotkun.



- Hafi starfsfólk skólans grun um að nemandi sé farinn að reykja eða nota tóbak eru foreldrar látnir vita um þann grun af kennara eða skólastjóra.
- Ef grunur um neyslu áfengis eða fíkniefna nemanda vaknar hjá starfsfólki skólans er umsjónarkennara tilkynnt um málið og hefur hann eða skólastjóri samband við foreldra/forráðamenn nemanda. Hann bendir foreldrum á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð.
- Ef staðfestar upplýsingar liggja fyrir um neyslu nemanda á áfengi eða öðrum vímuefnum skal umsjónarkennari eða skólastjóri strax boða foreldra til fundar, kynna þeim málið og láta vita um framgang málsins.
- Málinu er vísað til nemendaverndarráðs.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls.

#### Ferill annarra fíknimála

- Ef fram kemur sterkur grunur um fíkn nemanda er umsjónarkennara eða námsráðgjafa tilkynnt um málið. Jafnframt hefur skólastjórnandi samband við foreldra viðkomandi nemanda og bendir foreldrum á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð fagaðila.
- Málinu er vísað til nemendaverndarráðs.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls. Skólastjóri og nemendaverndarráð sjá um öll mál sem tengjast vímuefnum og fíkn innan skólans.

Góð ráð til foreldra Tóbak/áfengi/vímuefni Það sem getur komið í veg fyrir vímuefnaneyslu barna:

- Gott sjálfstraust.
- Sterk sjálfsmýnd.
- Sterk félagsleg tengsl og vinir.
- Foreldrar og skóli vel upplýstir og um hagi barns.
- Lögbundinn útivistartími virtur.
- Að börn séu ekki eftirlitslaus þegar þau koma saman.

Forvarnir eru ekki bara fyrirlestur um tóbak, eiturlyf og aðra fíkn. Það felst einnig forvörn í því að:

- Gefa sér tíma með barninu til að gera eitthvað skemmtilegt.
- Þekkja vini barnsins og foreldra þeirra.
- Hvetja barnið til hvers konar heilbrigðrar tómstundaiðkunar.
- Vera börnunum góð fyrirmynd.

Ef þig grunar að barnið þitt noti vímuefni, er mikilvægt að bregðast rétt við.

- Það er eðlilegt að finna til vanmáttarkenndar og hræðslu, en í fæstum tilfellum er barnið í bráðri lífshættu.





- Haltu rósemi þinni. Ekki ráðast á barnið með ásökunum og æsingi því að þá er hættu á að þú missir traust þess.
- Ekki sökkva þér niður í sjálfsásökun. Það þarf ekki að vera að þú hafir brugðist í foreldrahlutverkinu.
- Aflaðu þér upplýsinga um vímuefni. Þær má finna á bókasöfnum, á netinu, hjá forvarna- og heilbrigðisaðilum.
- Gerðu þér far um að kynnast vinum barnsins þíns. Vinahópur, lífsstíll og áhugamál barnsins segja mikið um líkurnar á vímuefnanotkun. •Hafðu samband við aðra foreldra sem eru í svipaðri stöðu. Reynsla þeirra getur oft hjálpað mjög mikið.
- Ef þér er sagt „það gera þetta allir“ –eða –„það mega þetta allir“ skaltu vera á varðbergi. Þeir sem nota þessi orðatiltæki hafa sjaldnast rök fyrir skoðun sinni. Orðatiltækin duga einungis á foreldra sem láta ekki skynsemina ráða eða þora ekki að hafa sjálfstæðar skoðanir.

Það sem getur minnkað hættu á að ánetjast fíkniefnum.

- Samvera með foreldrum.
- Stuðningur, aðhald, agi og skýrar reglur.
- Jákvætt viðhorf til skóla og góð frammistaða í námi.
- Vinahópurinn.
- Tómsundastarf, t.d. íþróttir, tónlistarnám, skátastarf o.fl.
- Góð samvinna foreldra og skóla.
- Foreldrarölt.
- Foreldrar samræma útivistarreglur á skólakynningarfundum á haustin.
- Foreldrar séu vel upplýstir um forvarnir og uppeldismál almennt.
- Regluleg fræðsla um fíkn og varnir gegn henni.

Aðvörunarmerki um vanlíðan hjá ungu fólki Líkamleg einkenni •Áhugaleysi á eigin útliti t.d. klæðnaði eða hreinlæti.

- Minnkandi matarlyst.
- Óvæntir sjúkdómar, slys eða verkir.
- Breyting á svefnvenjum.

Tilfinningaleg einkenni

- Áhugaleysi, uppgjöf eða vonleysi.
- Kvíði, spenna, álag.
- Þreyta, aukin svefnþörf.
- Skyndilegir erfiðleikar í sambandi við einbeitingu/ rökhugsun.
- Sektarkennd og samviskubit.
- Miklar skapsveiflur og skapbrestir.
- Einangrun eða minnkandi ánægja af félagslegum samskiptum.



### Hegðunarleg einkenni

- Versnandi árangur í skóla.
- Minnkandi áhugi á tómstundamálum, svo sem íþróttum.
- Sjálfseyðileggjandi hegðun.
- Aukin vímuefnaneysla.
- Ögrandi lífsstíll t.d. klæðnaður sem táknar dauða eða vímuefni.
- Áhugi á tónlist með textum sem fjalla um þunglyndi, vímu eða dauða.
- Áhugaleysi um eigur sínar.
- Andfélagsleg hegðun t.d. þjófnaðir eða árásir.

Hvert er hægt að leita þegar vandi steðjar að?

Bæði foreldrar og börn geta leitað til skólastjóra varðandi nám og líðan sem og erfiðleika tengdum fíkn. Skólastjórinn getur hlustað, gefið góð ráð og bent á næstu skref. Sömuleiðis geta foreldrar og nemendur leitað til heilsugæslunnar.

### Góðar vefsíður

- foreldrahus.is
- forvarnir.is
- samanhopurinn.is
- umhuga.is
- spilavandi.is
- abyrgspilun.is
- saft.is

## Jafnréttis og mannréttindaforvarnir

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið og tilgangur með lögnum er að koma á og viðhalda jafnrétti, hæfileikum og færni karla og kvenna og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Sett er fram áætlun með mælanlegum og tímasettum markmiðum svo að áætlunin þjóni tilgangi sínum. Starfsmenn Grunnskólans á Þingeyri eru færri en 25 en mælst er til af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samstarfi við Jafnréttisstofu að skólinn setji sér jafnréttisáætlun.

Starfsfólk Grunnskólans á Þingeyri vinnur að jafnrétti kynja í stofnuninni. Ásamt því að stuðla að því að einstaklingar verði metnir á eigin forsendum, fái að njóta mannréttinda án tillits til upprunar, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Jafnréttisáætlun Grunnskólans á Þingeyri miðast við bæði nemendur og starfsmenn. Aðaláherslan í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái góðum árangri og að skólastarfið eflist og styrkist. Þannig ná allir að þroskast og sýna framfarir á sínum forsendum. Við leitumst við að efla gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti sem og að skapa góðan starfsanda. Réttur allra til að líða vel er höfuð markmið okkar.



## Nemendur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á sínum forsendum, rækta hæfileika sína og lífa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, jafnréttis, umburðarlyndis, víðsýnis og réttlætis. Einnig er kveðið á um mikilvægi þess að kenna börnum og ungmönnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar.

Í viðburðum á vegum skólans skal hafa í huga að hlutfall kynja sé sem jafnast. Einnig skal hafa þetta í huga þegar valið er í nemendaráð og aðrar slíkar nefndir.

Lögð verður áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar og annarra. Starfsfólk þarf að virða tilfinningar nemenda og gefa þeim færi á að tjá sig án þess að mismuna þeim.

Lögð verður áhersla á að kennsluaðferðir og námsgögn mismuni ekki nemendum svo allir nemendur hafi jafnan rétt til náms. Það þarf því að fara yfir námsgögn reglulega til að fullvíst sé að engin mismunun eigi sér stað. Fræðsla um jafnrétti er kennd í samþættingu við aðrar námsgreinar og fléttast inn í skólastarfið sem leiðir til þess að starf nemenda einkennist af jafnrétti. Lögð er áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Þar er starfsfólk fyrirmyndir og vinna að þessu markmiði saman.

## Starfsfólk

Lögð er áhersla á að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttislaga og auglýst starf standi opið jafnt konum og körlum. Skólinn hefur þá stefnu að reyna eftir bestu getu að jafna hlutfall kvenna og karla á vinnustaðnum. Í 20.gr.laga nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla kemur fram að störf sem laus er til umsóknar skulu standa opin jafnt konum og körlum.

Konur og karlar í Grunnskólanum á Þingeyri njóta sömu launakjara, hafa jafnan möguleika á breytingum á vinnuaðstæðum s.s. launuðum aukastörfum, stöðuhækkunum og stöðubreytingum, ásamt því að eiga jafnan rétt að launaðri yfirvinnu í hvaða formi sem er.

Starfsfólki eru tryggðir sömu möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni.

Lögð verður áhersla á að starfsfólk geti samræmt störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum sínum með sveigjanlegri vinnutíma, hlutastörfum eða með öðrum umsömdum hætti.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla skulu atvinnurekendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Öllum starfsmönnum skal vera ljóst að kynferðisleg áreitni viðgengst ekki í stofnuninni.

Mikilvægt er að starfsmönnum sé ljóst að kynferðisleg áreitni hefur margar birtingarmyndir svo sem látbragð, orðbragð eða gjörðir, en slíkt skulu starfsmenn aldrei þurfa að sætta sig við.

## Framkvæmd og eftirfylgni

Í skólanum fylgja kennarar og stjórnendur áætluninni á eftir. Áætlað er að mæla árangur áætlunarinnar með reglubundnu millibili, meðal annars í starfsmannasamtölum, viðhorfskönnunum meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna. Einnig eru spurningar í Skólapúlsinum, matstæki skólans, sem mæla tíðni þessara þátta. Niðurstöðurnar eru kynntar starfsfólki skólans.



## Skólareglur

Skólinn er vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Þar hafa allir ákveðin réttindi en öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur. Í skólanum eiga allir rétt á því að þeim líði vel, og fá tækifæri til að þroskast og læra á sínum forsendum. Þar hafa líka allir þær skyldur að sýna öðrum kurteisi og tillitsemi.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri. Nemendur eiga rétt á að vita til hvers er ætlast af þeim, að hlustað sé á þá og tekið tillit til skoðana þeirra.

Nemendum bera að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans í öllu sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin (úr lögum um grunnskóla).

Við gerum hinsvegar öll mistök og það er í lagi því við ætlum að læra af þeim. Ef mistökin eru alvarleg þarf maður að taka afleiðingum þeirra en það er hluti af því að læra að bæta fyrir mistökin sín.

Skólareglur snúast um þau samskipti sem við eigum dags daglega og byggja á almennum siðareglum. Einnig eiga þær að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í lýðræðislegu samfélagi. Þær gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Skólareglur verða kynntar nemendum sérstaklega í upphafi hvers skólaárs.

### 1. Almenn umgengni

Við göngum vel og snyrtilega um skólann og umhverfi hans.

Við förum vel með eigur okkar og annarra.

Við virðum vinnufrið og forðumst hlaup og háreysti innandyra.

Við erum á skólalóðinni á skólatíma, nema með sérstöku leyfi foreldra eða starfsfólks skólans.

### 2. Samskipti

Við stuðlum að jákvæðum samskiptum.

Við komum fram við hvert annað af kurteisi og vinsemd.

Við förum að fyrirmælum starfsfólks og tökum tillit hvert til annars.

### 3. Ástundun

Við ætlum að gera okkar besta.

Við mætum stundvíslega í kennslustundir með viðeigandi námsgögn og fatnað.

Við virðum kennslustundir sem dýrmætan vinnutíma.

Við finnum leiðir til að gera það sem ætlast er til af okkur, í kennslustundum og heimanámi/þjálfun.



#### **4. Hollusta og heilbrigði**

Við mætum úthvöld í skólann.

Við metum heilbriggt lífni og komum með hollt nesti í skólann.

Við neytum sælgætis og gosdrykkja aðeins við sérstök tilefni.

#### **5. Notkun tækja**

Við í 8.–10. bekk notum ekki síma í kennslustundum nema með leyfi kennara.

Við í 1.–7. notum ekki síma á skólatíma.

Við í 1.–10. bekk megum koma á hjólum, hjólabrettum eða hjólaskautum í skólann – en notum þau ekki á skólatíma.

Minnt er á að skv. umferðalögum skulu börn yngri en 7 ára ekki hjóla ein á akbraut og að börnum yngri en 15 ára er skylt að nota öryggishjálma við hjólreiðar. Foreldrar bera ábyrgð á að því sé framfylgt. Skólinn ber ekki ábyrgð á tækjum og öðrum verðmætum nemenda.

### **Niðurlag**

Starfsmenn skóla og forráðamenn nemenda skulu stuðla að því að nemendur virði reglur skólans.

Kennurum í samvinnu við nemendur er frjálst að setja sínar eigin reglur – bekkjarsáttmála.

#### **Viðbrögð - skýr mörk**

1. stig

Ef það kemur í ljós að einstaklingur er valdur að truflun í kennslustund eða gerist á annan hátt brotlegur við skólareglurnar, ber kennara eða starfsmanni að ræða við nemandann einslega. Nemandi gefst tækifæri til að leiðrétta og bæta fyrir brott án frekari beitingar viðurlaga. Kennari, umsjónarkennari, námsráðgjafi eða annar starfsmaður skólans geta aðstoðað nemandann við að leysa úr sínum málum.

2. stig

Breyti nemandi ekki hegðun sinni eða við ítrekuð brott á skólareglum er skilaboðum komið til umsjónarkennara. Málið skráð í Mentor. Foreldrum/forráðamönnum tilkynnt um vandann og óskað eftir að þeir taki þátt í lausn hans.

3. stig

Beri samstarf við foreldra/forráðamenn ekki árangur leitar umsjónarkennari til



skólastjóra sem ræðir við nemandann. Framvinda máls skráð í Mentor og tilkynnt foreldrum.

#### 4. stig

Beri viðtal við skólastjóra ekki árangur, kallar skólastjóri foreldra/forráðamenn til fundar, þar sem reynt er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig best er að leysa vandann. Skráð í Mentor. Hægt er að leita aðstoðar sérfræðipjónustu skóla s.s. námsráðgjafa, sálfræðings og/eða nemendaverndarráðs. Ef sú leið er valin, er slíkt gert með samþykki foreldra/forráðamanna.

#### Skýr mörk / alvarleg brot

Fari nemandi yfir skýru mörkin, sem í okkar skóla eru: **skemmdarverk, þjófnaður, vopnaburður, ofbeldi, alvarlegar hótanir, vímuefnanotkun, eða önnur alvarleg óásættanleg hegðun.** Þá er nemandi almennt vísað heim í einn dag og foreldrum gert viðvart. Sú ráðstöfun telst ekki brottvísun úr skóla. Komi hins vegar brottvísunar úr skóla eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á málsmeðferð samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### Rýmingaráætlun

Ef brunaboðar fara í gang eða annað hættuástand skapast þá fara nemendur út að glugga á efri hæð sem eru útbúnir sem flóttaleið. Nemendur á neðri hæð reyna ef kostur gefst að fara út um aðal inngang eða neyðarútgang við eldhús. Einnig eru neyðarútgangar út um glugga í þinghúsi og tölvuveri. Kennarar fara síðan yfir nafnalista úti. Safnsvæði er hjá bílastæði eða sparkvelli, fer eftir vindátt. Ef það þarf að leita skjóls vegna veðurs eru leitað í björgunarsveitarhús fyrir neðan skólann. Lagt er kapp á að nemendur gangi rólega og skipulega á eftir sínum kennara út og taki ekki með sér töskur, yfirhafnir og skó. Skólastjóri ber ábyrgð á því að kalla eftir aðstoð og að allir séu komnir út á réttum tíma. Rýmingu skal æfa reglulega svo allir viti hvernig eigi að bregðast við og þekki útgönguleiðir.

### Áfallaáætlun

Skrámur og minniháttar meiðsli eru meðhöndluð af kennurum og starfsfólki skólans. Ef minnsti grunur leikur á því að nemandi þurfi að komast til læknis t.d. til að láta sauma sár eða búa um meiðsli þá fer starfsmaður skólans með hann á heilsugæslustöð og haft er samband við foreldra og ætlast til þess að þeir komi á heilsugæslustöðina og taki við umönnun hans.

Ef alvarlegt slys eða dauðsfall ber að höndum á skólatíma hvort sem er hjá nemandi eða kennara er kallaður til læknir og sjúkrabíll og umönnun viðkomandi sett í hendur heilsugæslunnar. **Strax er haft samband við aðstandendur.**



Beri alvarlegt slys eða dauðsfall að á skólatíma er unnið eftir sérstöku áfallaferli. **Mikilvægt að allir nemendur fari í sínar heimastofur** þar sem umsjónarkennari eða skólastjórnandi gerir grein fyrir aðstæðum og róar nemendur. Nauðsynlegt er að nemendur viti í grófum dráttum hvað gerðist en fari ekki heim óvissir og með allskonar sögusagnir í kollinum. Í þeim bekkjum sem tengjast mest þeim slasaða eða látna er unnið eftir ákveðnu áfallaferli sem getur jafnvel náð til alls skólans þar sem samfélagið er lítið hér á Þingeyri.

Ef að til þess kemur að nota þurfi áfallaáætlun þá eru það skólastjóri og umsjónarkennarar sem halda utan um þá vinnu.

#### **Áföll sem þessi áætlun tekur til eru m.a.:**

- Dauðsfall innan skólans, hjá nemanda eða starfsmanni.
- Alvarleg, lífshættuleg veikindi nemenda eða starfsmanna.
- Stærri slys innan skólans hjá nemanda eða starfsmanni þar sem kalla þarf til lækni og / eða sjúkrabíl.
- Dauðsfall í nánustu fjölskyldu nemanda (foreldrar, systkini).
- Hópslys innan sveitarfélagsins þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.
- Náttúruhamfarir í eða nærri heimabyggð.

Aðrar upplýsingar vegna áfalla er að finna í handbók um velferð og öryggi barna í leik, og grunnskólum Ísafjarðarbæjar ásamt slysa skráningar eyðublöðum <http://qrthing.isafjordur.is/aaetlanir/skra/225/> .